

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**Skúlagötu 4  
101, Reykjavík**Reykjavík, 12. október 2021**

Nr. E-2021/370

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1040/2005**

Vísað er til máls nr. 183/2021 í samráðsgátt stjórnvalda, drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga. Landsvirkjun hefur kynnt sér breytingartillöguna og þakkar tækifærið til samráðs.

Ríki heims leita nú lausna til að draga úr kolefnislosun sinni og eru orkuskipti einn lykilþátturinn í þessum aðgerðum. Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið hvað varðar orkuskipti innanlands en ljóst er að auka þarf framboð á raforku eigi þau markmið að nást. Landsvirkjun vill í þessu samhengi einnig minnst á orkuöryggi en aukið hlutskipti smærri og dreifðari virkjana kann að stuðla að auknu orkuöryggi. Mikilvægt er að reglugerðarumhverfið styðji þessi markmið og að þess sé gætt að lagalegt umhverfi sé skýrt. Af hálfu Landsvirkjunar eru gerðar athugasemdir við fyrirliggjandi drög að reglugerð.

Í raforkulögum kemur fram að markmið laganna sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi í því skyni að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, tryggja skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku og tryggja öryggi raforkukerfisins. Í samráðsgátt stjórnvalda þar sem breytingar á reglugerð nr. 1040/2005 eru kynntar kemur fram að eitt af markmiðum þeirra sé að „stuðla að frekari þróun í vinnslu og viðskiptum með raforku í þágu orkuskipta“.

Með reglugerðarbreytingunni er verið að setja inn kröfu um greiðslu kerfisframlags á orkuvinnsluaðila með vísan til þess ef styrkja þurfi dreifikerfi vegna virkjana þeirra. Landsvirkjun telur að slíkar breytingar munifela í sér auknar og íþyngjandi kvaðir fyrir smærri raforkuframléiðendur sem ólíklegt er að muni styðja við ofangreind markmið raforkulaga og breytinga á reglugerð um framkvæmd þeirra. Auknar fjárhagslegar kvaðir og aukið flækjustig muni þvert á móti letja nýja aðila að stíga inn á raforkumarkaðinn.

Landsvirkjun vill vekja athygli á að með reglugerðarbreytingunni er heldur ekki tekið tillit til þess ef virkjanir af þessum toga koma dreifikerfinu til góða og leiða til þess að hægt sé að fresta fjárfestingum í dreifikerfinu til framtíðar. Eingöngu er verið að gera dreifiveitum kleift að sækja tekjur til raforkubænda sem eru ekki á hagkvæmum stað en ekki er tekið tillit til hagkvæmni verkefnis ef það leiðir til sparnaðar fyrir dreifiveituna. Árið 2018 var hins vegar gerð breyting á raforkulögum þar sem ákvæði var fellt brott þar sem kveðið var á um að taka ætti tillit til hagkvæmni staðsetningar virkjana og stórnotenda fyrir flutningskerfið.

Landsvirkjun telur mikilvægt að ráðuneytið skoði sérstaklega að ákvæðið um hagkvæmni staðsetninga verði innleitt að nýju til að létta undir flutningskerfinu og að slík breyting gæti haft jákvæð áhrif á staðarval nýrra stórnotenda og virkjana.

Að lokum vill Landsvirkjun vekja athygli á mögulegri óvissu um lagastoð reglugerðarbreytinga, þar sem samhljóða ákvæði í raforkulögum er gilda um flutningsfyrirtæki er ekki að finna um dreifiveitur.



Með vísan til þess sem að framan er rakið telur Landsvirkjun að æskilegt sé að breytingartillaga þessi verði skoðuð í ljósi markmiða um einföldun regluverks, orkuöryggis og orkuskipta. Við þá endurskoðun er mikilvægt að hafa jafnræðissjónarmið til hliðsjónar og að raforkubændur og aðrir raforkuframleiðendur njóti einnig góðs af hagkvæmni verkefna sinna.

Virðingarfyllst,



**Kristín Linda Árnadóttir**

Aðstoðarforstjóri